

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2024
UST202403-065/R.K.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - umsókn Fjarðabyggðarhafnar um rannsóknarleyfi utan netalaga í Reyðarfirði

Vísað er til erindis Orkustofnunar er barst 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna umsóknar Fjarðabyggðarhafnar um rannsóknarleyfi utan netalaga í Reyðarfirði.

Framkvæmdarlýsing

Fjarðabyggðahafnir kt. 470698-2179 sækja um leyfi til leitar og rannsókna skv. lögum nr. 73/1990 á seti á hafsbotni utan netalaga á tveimur reitum SA og SB, á hafsbotni milli Beruness og Þernuness í sunnanverðum Reyðarfirði. Reitirnir eru 10.000 m² hvor og og felur leyfið í sér sýnatöku á samtals 1.000 m³ af seti. Setið verður numið af hafsbotni með sérhæfðu efnistöku skipi. Óskað er eftir að rannsóknarleyfið gildi til ársloka 2026. Rannsóknirnar eru hluti af því að finna hentugt efni til landfyllingar vegna stækkunar Mjóeyrarhafnar. Svæðin sem um ræðir eru í samræmi við Strandsvæðaskipulag Austfjarða og falla undir nýtingarflokkinn staðbundin nýting, SN9 og á skipulagsreitnum er heimild til leitar og rannsókna á möl og sandi.

Búsvæði kóralþörungna

Umhverfisstofnun telur að við fyrirhugaðar rannsóknir og efnistöku í sjó, skuli leitast við að halda röskun á búsvæðum kóralþörungna í lágmarki og forðast efnistöku á þeim svæðum. Skv. upplýsingum á vefsíðu Hafrannsóknarstofnunar¹ eru búsvæði kóralþörungna bæði sérstök og viðkvæm sem mikil þörf er á að vernda. Núþegar hafa nokkur svæði verið vernduð og unnið er að því að skilgreina frekari viðkvæm búsvæði, umrætt rannsóknarsvæði er þó ekki eitt af þeim svæðum.

Efnistaka í sjó og varp í hafið

Samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, og uppfylltum ákveðnum skilyrðum, samanber 9. grein laganna.

¹ [Kortlagning búsvæða á hafsbotni](#)

Samkvæmt 3 gr. leiðbeinandi reglna um meðferð dýpkunarefnis² telst nýmyndun lands sem er ekki varin eða er að hluta varin með varnargörðum vera opin landfylling og er leyfisskyld. Í umsókninni er tekið fram að áætlað væri að umsókn um leyfi Umhverfisstofnunar til vörpunar efnis í landfyllinguna fyrir 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar yrði send fyrir áramótin 2023-2024. Slík umsókn hefur enn ekki borist Umhverfisstofnun en leyfi þarf að liggja fyrir áður en efni er varpað í landfyllinguna.

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að í 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir: „Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“

Stofnunin bendir á að í umsókninni um rannsóknarleyfi er ekki minnst á áhrif framkvæmdarinnar á vatn. Tilgreina þarf hvaða vatnshlot gætu orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni en upplýsingar um vatnshlotin má sjá í vatnavefsja.³ Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Framkvæmdaraðili þarf að gera mat á áhrifum framkvæmdarinnar á gæðabætti viðeigandi strandsjávarvatnshlota, sbr. kafla 3.1.1. í vatnaáætlun⁴ og því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan áhrifasvæðisins nái ekki umhverfismarkmiðum.

Við útgáfu rannsóknaleyfis þarf að gæta að umhverfismarkmiðum viðkomandi vatnshlota sé náð. Því er mikilvægt að framkvæmdaraðili geri grein fyrir mögulegum áhrifum á viðeigandi vatnshlot svo leyfisveitandi geti tryggt að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sbr. 28. gr. laganna.

Umhverfisstofnun getur ekki metið áhrif framkvæmdarinnar á vatn nema fyrir liggi áhrifamat.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir,
teymisstjóri

² https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Lei%3fb0beinandi%20reglur%20um%20me%3fb0fer%3fb0d%3bdpkunarefnis_okt2019.pdf

³ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/mainmap>

⁴ [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatnaaetlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatnaaetlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)